

Landsvirkjun
Helgi Jóhannesson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100064/bs

Bakkavörn - Hólmar neðan brúar yfir Lagarfljót. Umsögn

Vísað er til bréfs Landsvirkjunar dags. 6. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Lengd bakkavarnarinnar er um 300 m og er efnisþörfin um 400 m³. Grjótið verður tekið úr opinni námu í Selhöfða. Ráðist er í framkvæmdina til að stöðva rof í hólum neðan brúar yfir Lagarfljót. Rofið er rakið til vatnsborðshækkana í Lagarfljóti vegna Lagarfossvirkjunar annars vegar og Kárahnjúkavirkjunar hins vegar. Bakkavörnin mun ná um 50 cm yfir venjulegt vatnsborð fljótsins og verður því lítt sýnileg.


Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á náttúruminjaskrá og er náttúruverndargildi svæðisins talið vera m.a. „*Votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurrikum hólum.*“

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni forða frekara raski á hólum á svæði nr. 647 á náttúruminjaskrá. Hér er um tiltölulega litla framkvæmda að ræða sem mun hafa takmörkuð sjónræn áhrif í för með sér. Umhverfisstofnun bendir á að gæta þess að raska ekki hólmunum þegar efni verður flutt á framkvæmdasvæðið og því komið fyrir við bakkana þar sem aurbleyta gæti torvelað umferð vinnuvéla um svæðið.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur